



NÚVERANDI ÁSKORANIR

Stígur er staðnaður í starfi sínu og hann veit það. Hann sinnir sínu og gerir það vel, en lítið umfram það og hann hefur ekki lagt sig fram um að fylgja nýjustu straumum og stefnum.

Honum finnst að hann eigi rétt á stöðuhækkun, enda búinn að vinna hörðum höndum allt sitt líf og alltaf skilað sínu.

Hann hefur unnið hjá stofnuninni í sjö ár og finnst að hann eigi skilið stöðuhækkun þar sem staða sviðsstjóra er að losna.

STÍGUR

VERKFRÆÐINGUR

ALDUR 62

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Íslenskur

FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR Giftur konu sem er stjórnandi hjá opinberri stofnun. Þau eru barnlaus og frekar vel stæð.

STARF/FERILL Verkfræðingur hjá hinu opinbera.

PERSÓNULEGAR SKOÐANIR UM JAFNRÉTTI KYNJANNA Honum finnst þessi kvenréttindabarátta hafa gengið full langt og að nú sé illa vegið að karlmönnum í samfélaginu.

VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Stígur telur að ítrekað hafi verið gengið framhjá honum við stöðuveitingar innan og utan stofnunarinnar.
- Það sviður sérstaklega að konur hafa í mörgum tilvikum fengið störf, jafnvel konur sem að hans mati eru alls ekki jafn hæfar og hann.
- Stígur blandar takmarkað geði við samstarfsfólk sitt og heldur sig mest útaf fyrir sig.
- Hann hefur nokkrum sinnum lent í orðaskaki við vinnufélaga út af skoðunum sínum á jafnréttismálum og stöðu ýmissa minnihlutahópa.

HVATNING

- Stígur telur sig vel til þess fallinn að stjórna sviðinu.
- Það myndi auk þess henta honum vel þar sem vinnutíminn er heppilegur og krefst minni ferðalaga og fjarveru frá heimilinu.
- Eftir að hafa unnið sem verkfræðingur um áratugaskeið og innan stofnunarinnar í 7 ár telur hann sig hafa skilað sínu og eiga skilið að fá það metið þessi ár sem hann á eftir á vinnumarkaði.

VINNUAÐSTÆÐUR

- Stígur hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á afmörkuðu verksviði og málaflokkum innan þess í opinberri stofnun.
- Hann hefur með höndum sjálfstæða úrlausn stjórnsýslu- og þjónustuverkefna á verksviði sínu og er í viðvarandi samstarfi við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og viðskiptavinum.
- Starfið felur í sér nokkra fjarveru frá heimili vegna ferðalaga víða um land í tengslum við starfið.
- Hann sinnir sínum verkefnum vel og gerir það sem til er ætlast af honum.

Spurningar stjórnanda

- Stígur hefur haft á því orð að hann hafi hug á sviðsstjórástöðu sem er að losna. Ég veit ekki hvernig er best að segja honum að líkurnar á því að hann fái hana séu afar takmarkaðar. Jafnhæf kona myndi fá starfið þar sem hallar á konur innan sviðsins. Auk þess er afstaða hans og framkoma þess eðlis að ég ætti erfitt með að mæla með honum sem yfirmanni sviðsins þar sem hann er frekar óvinsæll meðal samstarfsfólks. Á hinn bóginn sinnir hann sínu starfi ágætlega þó að hann sýni lítið frumkvæði og telji sig ekki þurfa á því að halda að viðhalda þekkingu sinni. Ég veit ekki alveg hvernig best er að taka á þessu?

Spurningar samstarfsfólks

- Stígur er einrænn og frekar ruddalegur á stundum og á það til að hafa allt á hornum sér, sérstaklega þegar jafnréttismál ber á góma. Ef hann verður yfirmaður sviðsins þá verður mjög erfitt að vinna hérna. Hann kemst nú þegar upp með að sinna endur-/símenntun lítið sem ekkert og sýnir lítið frumkvæði. Á nú að fara að verðlauna það?



Spurningar einstaklingsins

- Hvers vegna er alltaf gengið framhjá mér við ráðningar?
- Er það vegna þess að það styttist í eftirlaunaaldur hjá mér?
- Er það vegna þess að ég er karlmaður?
- Hvað þarf ég að gera til að komast upp metorðastigann hjá stofnuninni?
- Hvers vegna eru mínir yfirmenn ekki að gera meira til að hjálpa mér að færast upp metorðastigann?

Spurningar stefnumótenda

- Samskiptasáttmáli, þurfum við að búa til slíkan til að koma í veg fyrir dónalega framkomu?
- Er eitthvað um slíkt í okkar stefnum?
- Hvernig er ráðningarferlið okkar?
- Þurfum við að endurskoða það?